

Nr. 3/1912.

Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
Olafi Árnasyni.

D ó m u r :

Með úrskurði, uppkveðnum 9. janúar þ. á., neitaði bæjarfógetinn í Reykjavík að verða við kröfu áfryjandans, bæjarstjórnar Reykjavíkur, um að framkvæma lögtak hjá stefnda, Ólafi kaupmanni Árnasyni, fyrir aukaútsvari, að upphæð 200 kr., er niðurrjöfnunarnefnd Reykjavíkur hafði lagt á stefnda fyrir árið 1911, og hefir bæjarstjórnin með stefnu dags. 9. febr. þ. á. skotið þeim úrskurði til yfirdómsins og krafist þess, að hann verði úr gildi feldur og honum breytt þannig, að fógetinn verði skyldaður til að framkvæma hið umbeðna lögtak, og að stefndi verði dæmdur í málskostnað eftir réttarins mati. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að allga, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að úrskurðurinn verði staðfestur að öllu leyti og stefnda dæmdur hæfilegur málskostnaður eftir réttarins mati, hvernig sem málið fer.

Útsvar það, er krafist er lögtaks fyrir hjá stefnda, telur bæjarstjórn Reykjavíkur hann skyldan til að greiða, með því að hann hafi haft fastan bústað eða fast aðsetur í Reykjavík alt árið 1911, og því verið útsvarsskyldur þar. Það verður líka að teljast vera fengin full sönnun fyrir því í málinu með viðurkenningu stefnda, að hann hafi leigt handa sér og notað sem húsráðandi yfir alt árið 1911 íbúð í Reykjavík, haft þar hjú (ráðskonu) í sinni þjónustu og haldið þar dúk og disk bæði fyrir fjölskyldu sína (börn sín), sem dvöldu þar að staðaldri, og fyrir sjálfan sig þá tímana, sem hann var nærstaddur í Reykjavík, en

Það var ekki nema með köflum. Með því að gjörast þannig heimilismaður í Reykjavík fyrir sig og fjölskyldu sína, virðist enginn vafi á því, að stefndi verður að teljast hafa haft fast aðsetur í Reykjavík nefnt ár, og því verið þar skattskyldur, og það skiftir því ekki máli, hvort hann hefir verið þar sjálfur nærstaddur lengur eða skemur, en þetta atriði hefir verið látið ráða úrslitum í hinum áfryjaða úrskurði. Það ber samkvæmt þessu að fella hinn áfryjaða fógetaúrskurð úr gildi og skylda fógötann til að framkvæma hina umbeðnu lögtaksgjörð.

Málskostnað þykir rétt að stefndi greiði áfryjanda, og ákveðst hann 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfryjadi fógeta-úrskurður skal úr gildi feldur, og ber fógötanum að framkvæma hina umbeðnu lögtaksgjörð. Málskostnað fyrir yfirdómi greiði stefndi Ólafur kaupmaður Árnason áfryjandanum innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri lagaadför.

Nr. 17/1912:

Réttvísinn
 gegn
 Bergþóri Björnssyni
 og Sigríði Jónsdóttur.

D ó m u r:

Með dómi aukaréttar Norðurmúlasýslu, uppkveðnum